

TOGSPELKA - KENDRICK (KTD)

NOTKUNARLEIÐBEININGAR

(A) ÖKKLAFESTING

(B) UPPLÆRISEINING



(C) TOGSTÖNG

(D) TEYGJUBORÐI Á HNÉ

(E) TEYGJUBORÐI Á LÆRI

(F) TEYGJUBORÐI Á ÖKKLA

(G) GEYMSLUPOKI



SKREF 1

Komið ökklafestingunni fyrir þétt að fætinum örlitlu fyrir ofan ökkla-beinið (eins og sýnt er á mynd). Herðið ístaðið með því að toga í grænmerktu ólina þar til það liggur þétt að hælnum.

SKREF 2

Beltis- eða mjaðma-kambshæð



Festið upplæriseininguna á með því að renna sylgjunni (kallinum) undir fótinn við hné og smokra síðan upp í klof (eins og sýnt er). Stingið kallinum í kellinguna og læsið spennunni. Smellur heyrir þegar spennan læsist. (Með því að þrýsta á pinnana hvorum megin opnast spennan þegar í stað). Herðið ólina þar til togstangarslíðrið er í beltis- eða mjaðmakambshæð.

SKREF 3



Brjótið togstöngina í sundur. Gangið úr skugga um að öll samskeytin séu vel læst

SKREF 4

Beltis- eða mjaðma-kambshæð




Leggið togstöngina samhliða fótleggnum þannig að einn stangarhluti (8") nái niður fyrir fótinn. Stillið stangarlengdina að þörfum sjúklings eftir því hvort hann er fullvaxta, barn o.s.frv. Stingið stangar- endanum eða - endunum í togstangarslíðrið.

SKREF 5



Festið teygjuborðann um hnéð eins og sýnt er á mynd.

SKREF 6



Smokrið gula endanum á bláu ólinni upp á oddhakið eins og sýnt er: Beitið strekkingu með því að toga í rauðmerкта ólarendann. Ráðlagt er að strekkingin nemi u.p.b. 10 prósentum líkamspunga upp að 7 kílóa hámarksátaki. Velliðan sjúklings á að vera grundvallarmarkmiðið. Strekkingu er hægt að ná á mjúklega máta með því að grípa í ólina á hvorum megin við sylgjuna og slaka og toga samtímis með jöfnu átaki.

SKREF 7



Ljúkið við frágang umbúða með því að setja efri teygjuborðann (læri) og þann neðri (ökkli) eins og sýnt er. Spelkið eins og þörf er á með bakbretti eða spelkum. Bindið fætur saman eða notið aðra samþykkt meðferð.

Hvernig pakka skal KTD eftir notkun:

Ökklafesting: Breiðið úr öllum borðum og ólum til fulls. Opnið ökklafestingu og brjótið borða og ólar saman í blævæng inn í hana. Rúllið ökklafestingunni saman og lokið með riflásnum (Velcro@closure).

Upplæriseining: Breiðið úr ólinni til fulls. Festið sylgjur. Vefjið ólinni í kringum sylgjurnar og stangarslíðrið.

Togstöng: Losið stangarlæsingar og brjótið saman á samskeytunum. Vefjið áfastri ól utan um stöngina.

Poki: Brjótið borðana tvo sem eftir eru saman í botn pokans. Stingið þarnaest togstönginni í hann og síðan upplæriseiningunni og ökklafestingunni

Donna

Móhella 2,
221 Hafnarfjörður.

Sími: 555 3100
Tölvupóstfang: donna@donna.is
Vefsíða www.donna.is